

**Sp.**

**651. Svar**

**[300. mál]**

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Óla Þ. Guðbjartssonar um sölu veiðileyfa.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 8/1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, er heimilt að færa aflamagn milli skipa sömu útgerðar eða skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð, eftir því sem hlutaðeigandi útgerðir koma sér saman um. Sama gildir um skipti á aflamarki milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, enda sé um jöfn skipti að ræða að mati ráðuneytisins. Annar flutningur á aflamarki er óheimill nema með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins og að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð. Flutning á aflamarki innan verstöðvar og þegar um jöfn skipti er að ræða ber að tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu fyrir fram og öðlast hann ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest móttöku tilkynningarinnar.

Óheimilt er að flytja aflamark yfir á skip sem ekki hefur veiðileyfi eða skip er valið hefur sóknarmark. Í lögunum er ráðherra enn fremur veitt heimild til að takmarka framsal þeirra skipa er sérveiðar stunda.

#### *1. Sala veiðileyfa.*

Sala á veiðileyfi er með öllu óheimil, enda er úthlutun þeirra bundin í lögum. Hins vegar geta útgerðir fiskiskipa framselt veiðikvóta ef um er að ræða tvö fiskiskip er bæði hafa valið veiðileyfi með aflamarki. Framsal er í mörgum tilvikum háð því að fiskiskipið, sem framselt er til, landi aflanum í heimahöfn þess fiskiskips sem framseldi. Ráðuneytið telur að listi með nöfnum aðila eða skipa þar sem skráð væri hver einstök færsla á aflakvóta, sem átt hefur sér stað á undanförunum árum, varpi litlu ljósi á eðli og umfang þessa máls. Listinn yrði langur, mikla vinnu kostaði að útbúa hann og hæpið væri að birta nöfn aðila að einstökum færslum á aflakvóta án þess að nánari skýring fylgdi í hverju einstöku tilviki. Oftast er um að ræða færslu innan sömu útgerðar eða verstöðvar og vísast til fylgiskjals IV með frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða 1988–1991, sem er greinargerð eftir Ragnar Árnason, dósent við viðskiptadeild HÍ, er hann vann fyrir sjávarútvegsráðuneytið haustið 1987.

### 2.-3. Framsal veiðileyfa milli kjördæma 1984-1987.

Sem svar við 2. og 3. spurningu birtist eftirfarandi tafla er sýnir hversu mikill botnfiskkvóti í þorskígildum talið hefur verið framseldur á milli landsvæða árið 1984-1987. Sérstök athygli er vakin á því að skráning ráðuneytisins byggist öll á heimahöfnum fiskiskipanna þannig að framsal á afla frá einu landsvæði þarf ekki að þýða að aflanum hafi verið landað utan þess.

### Framsal botnfiskkvóta milli kjördæma 1984-1987.

(Tonn af slægðum fiski í þorskígildum talið.)

	1984		1985		1986		1987	
	Frá	Til	Frá	Til	Frá	Til	Frá	Til
Reykjanes	2 749	1 058	9 122	2 892	970	1 844	972	1 029
Reykjavík	1 415	60	4 686	0	532	1 585	561	1 197
Vesturland	548	959	697	1 909	1 122	2 785	188	2 410
Vestfirðir	200	2 906	248	4 189	2 549	968	673	705
Norðurland v.	2 092	2 824	1 469	2 175	4 191	666	1 634	507
Norðurland e.	534	3 571	316	5 030	1 226	3 200	1 338	3 345
Austurland	2 586	3 391	856	2 550	824	860	743	1 050
Suðurland	5 050	404	1 870	519	1 389	895	4 373	239
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	15 174	15 174	19 264	19 264	12 803	12 803	10 482	10 482

### 4. Verðmæti.

Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um greiðslur eða önnur verðmæti er hugsanlega hafa verið látin í skiptum fyrir aflakvóta. Sem fyrr vísast í greinargerð Ragnars Árnasonar en hann reynir þar að leggja mat á slík verðmæti.